

UTANRÍKISRÁÐHERRA

Reykjavík, 6. janúar 2015

Hr. lögmaður
Kaj Leo Holm Johannesen
Føroya Landsstýri
Torshavn

Hr. lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til samtala milli sjávarútvegsráðherra Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2015.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2015.

1. gr.

Veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni 2014/2015 og á loðnuvertíðinni 2015/2016 verða 30 þúsund lestir á hvorri vertíð enda verði leyfilegur heildarafli a.m.k. 500 þús. lestir. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þús. lestir nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum.

Heimilt er færeyskum skipum að landa afla sínum til vinnslu á Íslandi. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þús. lestir er heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum magn sem nemur allt að 3/4 hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Verði leyfilegur heildarafli aftur á móti meiri en 500 þús. lestir er eigi heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum meira en sem nemur 2/3 hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Eftir 15. febrúar skal eigi meira en 1/3 hluti af kvóta færeyskra skipa fara til manneldisvinnslu utan Íslands.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2015/2016 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenkra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2015. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2015. Eigi skulu fleiri en 12 skip stunda veiðar á kolmunna samtímis innan lögsögu Færeyja. Færeyjar áskilja sér rétt til að takmarka fjölda skipanna enn frekar til að forðast öngþveiti á miðunum. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðar á norsk-íslenskri síld stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2015 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.


Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila. Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta. Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er út úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,



Gunnar Bragi Sveinsson
utanríkisráðherra